

AUGLÝSING

um samning milli Evrópubandalagsins og Íslands, Noregs, Sviss og Liechtenstein um viðbótarreglur um sjóðinn vegna ytri landamæra fyrir tímabilið 2007-2013.

Hinn 29. mars 2011 var aðalframkvæmdastjóra ráðs Evrópusambandsins afhent samþykktarskjal Íslands vegna samnings milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands, Konungsríkisins Noregs, Ríkjasambandsins Sviss og Furstadæmisins Liechtenstein um viðbótarreglur um sjóðinn vegna ytri landamæra fyrir tímabilið 2007-2013, sem gerður var í Brussel 19. mars 2010. Samningurinn öðlaðist gildi 1. apríl 2011.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. ágúst 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

**Samningur
milli Evrópubandalagsins
og
Lýðveldisins Íslands,
Konungsríkisins Noregs,
Ríkjasambandsins Sviss
og Furstadæmisins Liechtenstein
um viðbótarreglur
um sjóðinn vegna ytri landamæra
fyrir tímabilið 2007-2013**

EVROPUBANDALAGIÐ,
hér á eftir nefnt „Bandalagið“

og

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,
hér á eftir nefnt „Ísland“,

KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR,
hér á eftir nefnt „Noregur“,

RÍKJASAMBANDIÐ SVISS,
hér á eftir nefnt „Sviss“

og

FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,
hér á eftir nefnt „Liechtenstein“,
hér á eftir nefnd „samstarfsríkin“,
hér á eftir nefnd „samningsaðilar“,

MEÐ HLIÐSJÓN af samningnum sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna (hér á eftir nefndur „samstarfssamningurinn við Noreg og Ísland“),

MEÐ HLIÐSJÓN af samningnum sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið, og Ríkjasambandið Sviss gerðu með sér um þátttöku Ríkjasambandsins Sviss í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna (hér á eftir nefndur „samstarfssamningurinn við Sviss“),

MEÐ HLIÐSJÓN af bókuninni sem undirrituð var milli Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins, Ríkjasambandsins Sviss og Furstadæmisins Liechtenstein um aðild Furstadæmisins Liechtenstein að samningnum milli Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins, og Ríkjasambandsins Sviss um þátttöku Ríkjasambandsins Sviss í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna (hér á eftir nefnd „bókunin um samstarf við Liechtenstein“),

OG AÐ TEKNU TILLITI TIL EFTIRFARANDI:

- 1) Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 574/2007/EB stofnaði Evrópubandalagið Sjóðinn vegna ytri landamæra fyrir tímabilið 2007-2013 sem er liður í almennu áætluninni „Samstaða og stjórna á straumi inn- og útflytjenda“ (hér á eftir nefndur „sjóðurinn“).

- 2) Ákvörðunin telst vera þróun Schengen-gerðanna í skilningi samstarfssamningsins við Noreg og Ísland, samstarfssamningsins við Sviss og bókunarinnar um samstarf við Liechtenstein.
- 3) Í 11. gr. ákvörðunarinnar er kveðið á um að þriðju ríki, sem taka þátt í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, eigi aðild að sjóðnum í samræmi við ákvæði hennar og að gengið skuli frá samkomulagi þar sem tilgreindar séu nauðsynlegar viðbótarreglur vegna slíkrar aðildar, þ.m.t. ákvæði sem tryggja vernd fjárhagslegra hagsmuna Bandalagsins og heimildir endurskoðunar-réttarins til endurskoðunar.
- 4) Sjóðurinn telst þjóna sérstöku hlutverki, innan ramma Schengen-gerðanna, sem er að dreifa byrðum og veita fjárstuðning við framkvæmd Schengen-gerðanna á sviði ytri landamæra og stefnu í vegabréfsáritunarmálum í aðildarríkjunum.
- 5) Í því skyni að auðvelda útreikning árlegra úthlutana til ríkjanna sem eiga aðild að sjóðnum og áætlanagerð til margra ára fyrir samstarfsríkin eru árleg fjárframlög frá samstarfsríkjunum tilgreind í samningi þessum í föstum fjárhæðum, sem eru háðar endurskoðun er fara skal fram á síðasta ári áætlunarinnar til margra ára.

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Gildissvið.

Í samningi þessum er að finna nauðsynlegar viðbótarreglur vegna aðildar samstarfsríkjanna að sjóðnum, í samræmi við ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 574/2007/EB um stofnun Sjóðs vegna ytri landamæra fyrir tímabilið 2007-2013 sem er liður í almennu áætluninni „Samstaða og stjórn á straumi inn- og útflytjenda“ (hér á eftir nefnd „ákvörðunin“).

2. gr.

Fjármálastjórnun og eftirlit með meðferð fjármuna.

1. Samstarfsríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að viðeigandi ákvæðum um fjármálastjórnun og eftirlit með meðferð fjármuna, sem sett eru í stofnsáttmála Evrópubandalagsins (hér á eftir nefndur „EB-sáttmálinn“) og í afleiddri löggjöf Bandalagsins.
2. Ákvæðin, sem um getur í 1. mgr., eru:
 - ákvæði 1.-3. mgr. 248. gr., 256. og 274. gr. og 1.-3. mgr. 280. gr. EB-sáttmálans,
 - ákvæði 27. gr., 28. greinar a, 52. gr., 53. gr. (b-liður), 72. gr. (2. mgr.) og 95. gr. (2. mgr.) reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna¹ (hér á eftir nefnd „fjárhagsreglugerðin“),
 - samsvarandi ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2342/2002 frá 23. desember 2002 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna²,
 - ákvæði reglugerðar ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangs-skoðanir og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum³ og
 - ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 frá 25. maí 1999 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF)⁴.
 Samningsaðilarnir geta ákveðið að gera breytingar á þessari upptalningu með gagnkvæmu samkomulagi.
3. Samstarfsríkin skulu beita ákvæðunum, sem um getur í 2. mgr., á yfirráðasvæðum sínum í samræmi við samning þennan.

1 Stjtið. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1525/2007 (Stjtið. ESB L 343, 27.12.2007, bls. 9).

2 Stjtið. EB L 357, 31.12.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB, KBE) nr. 478/2007 (Stjtið. ESB L 111, 28.4.2007, bls. 13).

3 Stjtið. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2.

4 Stjtið. EB L 136, 31.5.1999, bls. 1.

3. gr.

Meginreglan um ábyrga fjármálastjórnun.

Fjárveitingar úr sjóðnum, sem varið er á yferráðasvæðum samstarfsríkjanna, skal nota í samræmi við meginregluna um ábyrga fjármálastjórnun.

4. gr.

Meginreglan um hagsmunaárekstra.

Fjármálaaðilum og öðrum, sem koma að framkvæmd fjárhagsáætlana, stjórnun þeirra, endurskoðun á þeim eða eftirliti með þeim og starfa á yferráðasvæðum samstarfsríkjanna, skal óheimilt að aðhafast nokkuð það sem kann að valda því að hagsmunir þeirra rekist á hagsmuni Bandalaganna.

5. gr.

Skyldur sem leiðir af framsali á framkvæmd.

Samstarfsríkin skulu gera allar þær ráðstafanir varðandi lagasetningu og reglusetningu, stjórnvaldsráðstafanir eða aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að vernda hagsmuni Bandalaganna í samræmi við þær skyldur sem mælt er fyrir um í b-lið 53. gr. og 2. mgr. 95. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

6. gr.

Fullnusta.

Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar sem leggja fjárskuldbindingar á aðra aðila en ríki skulu vera fullnustuhæfar í samstarfsríkjunum.

Fullnustan skal fara fram í samræmi við gildandi réttarfarsreglur í einkamálum í ríkinu þar sem fullnustan fer fram. Fullnustuúrskurður skal fylgja ákvörðuninni, með því eina formskilyrði að það að ákvörðun hafi verið tekin af þar til bærum aðila sé staðfest af því innlenda yfirvaldi sem ríkisstjórn hvers samstarfsríkis tilnefnir í þessu skyni og sendir framkvæmdastjórninni tilkynningu um.

Þegar þessum formsatriðum hefur verið fullnægt að beiðni framkvæmdastjórnarinnar má hún láta fullnustu fara fram, í samræmi við ákvæði landslaga, með því að fara með málið beint fyrir þar til bært yfirvald.

Fullnustunni verður einungis frestað með úrskurði Dómstóls Evrópubandalaganna. Dómstólar hlutaðeigandi ríkis hafa þó lögsögu varðandi kvartanir um að ekki sé staðið að fullnustunni með eðlilegum hætti.

7. gr.

Vernd fjárhagslegra hagsmuna Bandalaganna gegn svikum.

1. Eins og fram kemur í 280. gr. EB-sáttmálans skulu samstarfsríkin:
 - a) sporna við svikum og öðru ólöglegu athæfi, sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Bandalagsins, með fyrirbyggjandi aðgerðum sem veita virka vernd,
 - b) gera sömu ráðstafanir til að sporna við svikum sem hafa áhrif á fjárhagslega hagsmuni Bandalagsins og þau gera til að sporna við svikum sem hafa áhrif á fjárhagslega hagsmuni þeirra sjálfra, og
 - c) samræma aðgerðir sínar, sem miða að því að vernda fjárhagslega hagsmuni Bandalagsins, aðgerðum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar.
2. Samstarfsríkin skulu, í þessu skyni, samþykkja sambærilegar ráðstafanir og þær sem Bandalagið hefur samþykkt í samræmi við 4. mgr. 280. gr. EB-sáttmálans og eru í gildi þegar samningur þessi er undirritaður.
Samningsaðilar geta, með gagnkvæmu samkomulagi, ákveðið að samþykkja ráðstafanir sambærilegar þeim sem Bandalagið samþykkir síðar, samkvæmt þessari grein.

8. gr.

Vettvangsskoðanir og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir.

Framkvæmdastjórninni (Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum (OLAF)) er heimilt, án þess að það hafi áhrif á rétt hennar skv. 35. og 47. gr. ákvörðunarinnar, að láta fara fram vettvangs-

skoðanir og athuganir, að því er sjóðinn varðar, á yfirráðasvæðum samstarfsríkjanna, í samræmi við þá skilmála og skilyrði sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangsskoðanir og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum.

Yfirvöld í samstarfsríkjunum skulu greiða fyrir vettvangsskoðunum og athugunum og er heimilt að taka þátt í þeim, óski þau þess.

9. gr.

Endurskoðunarrétturinn.

Eins og fram kemur í 3. mgr. 248. gr. EB-sáttmálans og 1. kafla VIII. bálks í fyrsta hluta fjárhagsreglugerðarinnar skal endurskoðunarréttinum, eins og honum var komið á fót samkvæmt EB-sáttmálanum, einkum gert kleift að vinna sín störf á vettvangi á athafnasvæði sérhvers aðila sem hefur umsjón með tekjum eða útgjöldum fyrir hönd Bandalagsins á yfirráðasvæðum samstarfsríkjanna að því er sjóðinn varðar, þ.m.t. á athafnasvæði sérhvers einstaklings eða lögaðila sem þiggur greiðslur á grundvelli fjárhagsáætlunar sjóðsins.

Vinna endurskoðunarréttarins í samstarfsríkjunum skal fara fram í samráði við endurskoðunarstofnanir samstarfsríkjanna eða, hafi þær ekki nauðsynlegar heimildir, við þar til bær innlend yfirvöld. Endurskoðunarrétturinn og endurskoðunarstofnanir skulu vinna saman á grundvelli gagnkvæms trausts þó að þau viðhaldi eigi að síður sjálfstæði sínu. Fyrirnefndar endurskoðunarstofnanir eða önnur þar til bær yfirvöld skulu tilkynna endurskoðunarréttinum hvort þau hyggjast taka þátt í endurskoðuninni.

Endurskoðunarrétturinn skal að minnsta kosti hafa sama rétt og framkvæmdastjórnin, eins og mælt er fyrir um í 35. og 47. gr. ákvörðunarinnar og 8. gr. þessa samnings.

10. gr.

Opinber innkaup.

1. Ísland, Noregur og Liechtenstein skulu beita ákvæðum landslaga sinna um opinber innkaup í samræmi við XVI. viðauka við EES-samninginn.
2. Sviss skal beita landslögum sínum um opinber innkaup í samræmi við ákvæði samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup. Sviss skal afhenda framkvæmdastjórninni lýsingu á reglum um opinber innkaup þar í landi, ásamt lýsingu á stjórnunar- og eftirlitskerfinu. Sviss skal enn fremur veita upplýsingar um þær reglur um opinber innkaup, sem beitt var, í hverri lokaskýrslu um framkvæmd ársáætlunar.

11. gr.

Fjárframlög og úthlutanir.

1. Ársgreiðslur samstarfsríkjanna vegna fjárhagsáætlunar sjóðsins skulu vera eins og kemur fram í töflunum hér á eftir:

Í þúsundum evra	2009
Árlegar fjárveitingar (fjárlög EB)	185 500
Ísland	260
Noregur	5 100
Sviss	5 565

Fyrir árið 2009 miðast greiðslur við fastar fjárhæðir sem ekki er unnt að breyta ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Miðast við verga landsframléiðslu ársins 2007.

Í þúsundum evra	Stuðull ⁽¹⁾	2010	2011	2012	2013
Fyrirhugaðar árlegar fjárveitingar (fjárlög EB)	%	207 500	253 500	349 100	481 200
Ísland	0,04	79	96	132	183
Noregur	2,61	5 408	6 607	9 099	12 542
Sviss	3,35	6 943	8 483	11 682	16 102
Liechtenstein	0,03	62	76	105	144

Fyrir árin 2010-2013 skulu greiðslur miðast við stuðulinn sem er tilgreindur í töflunni hér að framan, með fyrirvara um ákvæði 4. mgr.

- Fyrir árin 2011-2013 skulu greiðslur inntar af hendi eigi síðar en 15. febrúar það fjárhagsár sem um ræðir, að fram komnum greiðslufyrirmælum sem framkvæmdastjórnin setur fram eigi síðar en 15. desember árið á undan.
- Fyrirhuguð framlög fyrir árið 2009 skulu koma til greiðslu sem sérstök framlög árið 2010. Þau ber að greiða um leið og framlög fyrir árið 2010, eigi síðar en 15. febrúar það ár. Að því er Sviss varðar skal greiða þau eigi síðar en einum mánuði eftir undirritunardag þessa samnings.

⁽¹⁾ Stuðlar eru hækkaðir upp.

Bandalagið skal inna af hendi fyrirhugaðar úthlutanir til hlutaðeigandi samstarfsríkja vegna ársins 2009, sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við 14. og 15. gr. ákvörðunarinnar, sem sérstakar úthlutanir vegna ársins 2010 eins og hér segir:

Ísland: 62 148 evrur
 Noregur: 1 611 049 evrur
 Sviss: 2 282 112 evrur

Úthlutanir vegna ársins 2010 og sérstöku úthlutanirnar falla hvoru tveggja undir sömu ársáætlun (ársins 2010).

Frá árinu 2010 að telja skal árlega reikna út fyrirhugaðar úthlutanir til samstarfsríkjanna skv. 14. og 15. gr. ákvörðunarinnar.

- Samningsaðilarnir skulu leiðrétta framlög frá sérhverju samstarfsríkjanna vegna fjárhagsáranna 2010, 2011, 2012 og 2013 á grundvelli síðustu fyrirbyggjandi talna um árlega verga landsframleiðslu hinn 1. maí 2012. Gera skal leiðréttinguna eða leiðréttingarnar á framlaginu fyrir árið 2013.

Við leiðréttingarnar skal reikna út hundraðshluta vergrar landsframleiðslu hlutaðeigandi samstarfsríkis sem hér segir:

- að því er Noreg og Ísland varðar skal reikna út hundraðshluta vergrar landsframleiðslu hvors lands um sig með hliðsjón af vergri landsframleiðslu allra þáttökuríkja, eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 12. gr. samstarfssamningsins við Noreg og Ísland,
- að því er Sviss varðar skal reikna út hundraðshluta vergrar landsframleiðslu landsins með hliðsjón af vergri landsframleiðslu allra þáttökuríkja, eins og mælt er fyrir um í 11. gr. samstarfssamningsins við Sviss,
- að því er Liechtenstein varðar skal reikna út hundraðshluta vergrar landsframleiðslu landsins með hliðsjón af vergri landsframleiðslu allra þáttökuríkja, eins og mælt er fyrir um í 3. gr. bókunarinnar um samstarf við Liechtenstein.

- Samningsaðilar skulu leiðrétta tölurnar í töflunni í 1. mgr. ef breyting verður á heildarviðmiðunar-fjárhæðinni í 1. mgr. 13. gr. ákvörðunarinnar eða ef raunverulegar árlegar fjárveitingar eru aðrar en þær sem fyrirhugaðar voru í töflunni í 1. mgr. og ákveðnar voru af fjárveitingarvaldi EB í samræmi við 37. lið samstarfssamnings Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um

eftirlit með fjárlögum og góða fjármálastjórnun⁵ með tilliti til fjárhagsramma Evrópusambandsins fyrir tímabilið 2007-2013.

Allar leiðréttingar skulu vera í réttu hlutfalli við breytinguna á þeirri heildarviðmiðunarfjárhæð eða árlegri fjárveitingu eða fjárveitingum sem um ræðir og koma fram á því fjárhagsári eða -árum sem breytingin hefur áhrif á.

Framkvæmdastjórnin skal, í þessu skyni, tilkynna samstarfsríkjunum bréflaga um breytingar á umfangi fjárframlaga þeirra sem og um það hvernig greiðslum eða endurgreiðslum skuli hagað.

6. Framlag Liechtenstein skal einungis ná til áraanna eftir þá dagsetningu sem um getur í 6. mgr. 13. gr.
7. Framkvæmdastjórninni er heimilt að nota allt að 300 000 evrur af þeim greiðslum sem samstarfsríkin inna af hendi ár hvert til að fjármagna stjórnunarkostnað vegna starfsliðs eða utanaðkomandi starfsliðs sem er nauðsynlegt til þess að styðja við framkvæmd samstarfsríkjanna á ákvæðum ákvörðunarinnar og samningi þessum.
8. Fyrir árin 2009 og 2010 skal framkvæmdastjórnin miða skuldbindingar um fjárveitingu af fjárlögum Bandalagsins fyrir viðkomandi fjárhagsár við fjárhæðir þær sem framkvæmdastjórnin úthlutar samstarfsríkjunum í samræmi við ákvæði 14. og 15. gr. ákvörðunarinnar.

12. gr.

Trúnaðarkvaðir.

Um upplýsingar, sem eru láttnar af hendi eða er aflað, í hvaða mynd sem er, samkvæmt samningi þessum, gildir þagnarskylda og þær ber að vernda með sama hætti og sams konar upplýsingar sem njóta verndar samkvæmt ákvæðum sem gilda um stofnanir Bandalagsins og samkvæmt landslögum samstarfsríkjanna. Slíkar upplýsingar skal ekki láta öðrum í té en þeim sem starfa innan stofnana Bandalagsins, í aðildarríkjunum eða samstarfsríkjunum, og þurfa starfs síns vegna að hafa aðgang að þeim eða nota þær í öðrum tilgangi en þeim að tryggja virka vernd fjárhagslegra hagsmuna samningsaðilanna.

13. gr.

Gildistaka.

1. Aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópusambandsins skal vera vörsluaðili samnings þessa.
2. Evrópubandalagið, Ísland, Noregur, Sviss og Liechtenstein skulu samþykkja samning þennan í samræmi við eigin málsmeðferðarreglur.
3. Til þess að samningur þessi öðlist gildi þarf Bandalagið að samþykkja hann ásamt að minnsta kosti einum öðrum undirritunaraðila.
4. Samningur þessi öðlast gildi gagnvart hverjum aðila fyrir sig fyrsta dag fyrsta mánaðar eftir að skjal hans um samþykki hefur verið afhent vörsluaðila til vörslu.
5. Að undanskilinni 6. gr. skulu Evrópubandalagið, Ísland, Noregur og Sviss beita samningi þessum til bráðabirgða frá og með næsta degi eftir undirritunardag hans, sbr. þó stjórnskipuleg skilyrði.
6. Evrópubandalagið og Liechtenstein skulu beita samningi þessum til bráðabirgða frá og með þeim degi þegar þau ákvæði, sem um getur í 2. gr. bókunarinnar um samstarf við Liechtenstein, koma til framkvæmda, í samræmi við 10. gr. þeirrar bókunar.

14. gr.

Áætlanir og skýrslugerð.

1. Samstarfsríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau yfirlög sem eru tilnefnd til þess að hrinda áætlun þeirra til margra ára og ársáætlunum í framkvæmd, eigi síðar en einum mánuði eftir undirritun samnings þessa.
2. Samstarfsríkin skulu leggja drög að áætlun sinni fyrir tímabilið 2010-2013 fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en þremur mánuðum eftir undirritun samnings þessa.
3. Samstarfsríkin skulu leggja drög að ársáætlun sinni fyrir árið 2010 fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en fimm mánuðum eftir undirritun samnings þessa.

5 Stjtið. ESB C 139, 14.6.2006, bls. 1.

4. Samstarfsríkin skulu leggja fram lýsingu á stjórnunar- og eftirlitskerfunum, sem um getur í 2. mgr. 34. gr. ákvörðunarinnar, eigi síðar en þremur mánuðum eftir undirritun samnings þessa.
5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja áætlunina til margra ára innan þriggja mánaða frá því að hún er formlega lögð fram og ársáætlunina fyrir 2010 innan eins mánaðar frá því að hún er formlega lögð fram, í samræmi við það verklag sem mælt er fyrir um í ákvörðuninni og að því tilskildu að framkvæmdastjórnin hafi fullvissað sig, samkvæmt því verklagi sem mælt er fyrir um í 34. gr. ákvörðunarinnar, um að samstarfsríkin hafi komið á stjórnunar- og eftirlitskerfum er séu í samræmi við 26.-32. gr. ákvörðunarinnar.
6. Ekki er þörf á að samstarfsríkin leggi fram matsskýrsluna sem gert er ráð fyrir í a-lið 2. mgr. 52. gr. ákvörðunarinnar.

15. gr.

Gildi og slit.

1. Framkvæmdastjórnin eða samstarfsríki getur sagt upp samningi þessum með því að tilkynna hinum samningsaðilunum um ákvörðun sína. Samningur þessi fellur úr gildi þremur mánuðum eftir dagsetningu fyrrnefndrar tilkynningar. Verkefnum og starfsemi, sem eru í gangi við uppsögn samningsins, skal fram haldið í samræmi við þá skilmála sem mælt er fyrir um í samningi þessum. Samningsaðilarnir skulu leiða til lykta önnur þau mál sem af uppsögn samningsins hljóta með gagnkvæmu samkomulagi.
2. Samningi þessum telst slitið, að því er varðar Ísland og Noreg, þegar viðkomandi samstarfs-samningi við Noreg og Ísland er slitið í samræmi við 4. mgr. 8. gr., 3. mgr. 11. gr. eða 16. gr. síðarnefnda samningsins.
Samningi þessum telst slitið, að því er Sviss varðar, þegar samstarfssamningnum við Sviss er slitið í samræmi við 4. mgr. 7. gr., 3. mgr. 10. gr. eða 17. gr. síðarnefnda samningsins.
Samningi þessum telst slitið, að því er Liechtenstein varðar, þegar bókuninni um samstarf við Liechtenstein er slitið í samræmi við 4. mgr. 5. gr., 1. mgr. 11. gr. eða 3. mgr. 11. gr. hennar.

16. gr.

Tungumál.

Samningur þessi skal, ásamt yfirlýsingunum sem honum fylgja, gerður í einu frumriti á búlögörsku, dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, portúgölsku, pólsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, spænsku, sænsku, tékknesku, ungversku, þýsku, íslensku og norsku og eru allir textarnir jafngildir.

Gjört í Brussel hinn nítjándi dag marsmánaðar árið tvö þúsund og tíu.

**SAMEIGINLEG YFIRLÝSING EVRÓPUBANDALAGSINS
OG LIECHTENSTEIN UM ÞÁTTTÖKU ÞESS SÍÐARNEFNDA
Í SJÓÐNUM VEGNA YTRI LANDAMÆRA VIÐ BEITINGU ÁKVÖRÐUNAR
EVROPUÞINGSINS OG RÁÐSINS**

NR. 574/2007/EB

Evrópubandalagið og Liechtenstein.

- sem hafa hliðsjón af landfræðilegri legu Liechtenstein sem hefur hvorki ytri landamæri né net ræðisskrifstofa sem er forsenda fyrir gerð áætlunar til að hrinda sjóðnum í framkvæmd og
- sem viðurkenna skuldbindingu Liechtenstein um að framfylgja markmiðum Schengen-gerðanna, sem og samstöðu þess með þeim ríkjum sem beita ákvæðum Schengen um ytri landamæri eru ásátt um að Liechtenstein geti kosið að taka ekki þátt í framkvæmd sjóðsins svo fremi það leggi fram fé til hans í samræmi við 11. gr. samningsins milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands, Konungsríkisins Noregs, Ríkjasambandsins Sviss og Furstadæmisins Liechtenstein um viðbótarreglur um Sjóðinn vegna ytri landamæra fyrir tímabilið 2007-2013. Samkvæmt því mun Liechtenstein leggja

fram fé til sjóðsins en afsala sér réttinum til úthlutunar úr honum í samræmi við 14. og 15. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 574/2007/EB.

Óski Liechtenstein þess síðar meir að fá aðild að sjóðnum, skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það í tíma og skal þá í bréfaskiptum mælt fyrir um nauðsynlegar hagnýtar ráðstafanir til þess að tryggja beitingu ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 574/2007/EB, framkvæmda-
rreglnanna og þessa samnings.

**YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNAR NOREGS
UM BEINT FULLNUSTUHÆFI ÁKVARÐANA
STOFNANA EVRÓPUBANDALAGSINS
UM FJÁRSKULDBINDINGAR
FYRIRTÆKJA MEÐ AÐSETUR Í NOREGI**

Samningsaðilum er bent á að í núgildandi stjórnarskrá Noregs er ekki gert ráð fyrir beinu fullnustuhæfi ákvarðana stofnana Evrópubandalagsins um fjárskuldbindingar fyrirtækja með aðsetur í Noregi. Noregur er því samþykktur að halda skuli áfram að beina slíkum ákvörðunum milliliðalaust til þessara fyrirtækja, og að þeim beri að uppfylla skyldur sínar í samræmi við gildandi venjur. Þessar stjórnskipulegu takmarkanir á beinu fullnustuhæfi ákvarðana stofnana Evrópubandalagsins um fjárskuldbindingar eiga ekki við um dótturfyrirtæki og eignir á yfirráðasvæði Bandalagsins í eigu fyrirtækja með aðsetur í Noregi. Komi upp vandamál er Noregur tilbúinn til að taka þátt í viðræðum og leita lausnar sem báðir aðilar geta sætt sig við.

YFIRLÝSING EVRÓPUBANDALAGSINS

Framkvæmdastjórnin mun stöðugt fylgjast með þeim aðstæðum sem vitnað er til í einhliða yfirlýsingu Noregs. Hún getur hvenær sem er tekið upp viðræður við Noreg með það fyrir augum að finna viðunandi lausn á vandamálum er upp kunna að koma

AGREEMENT
between the European Community
and the Republic of Iceland,
the Kingdom of Norway,
the Swiss Confederation
and the Principality of Liechtenstein
on supplementary rules
in relation to the External Borders Fund
for the period 2007 to 2013

THE EUROPEAN COMMUNITY,
hereinafter referred to as the "Community"

and

THE REPUBLIC OF ICELAND,
hereinafter referred to as "Iceland",

THE KINGDOM OF NORWAY,
hereinafter referred to as "Norway",

THE SWISS CONFEDERATION,
hereinafter referred to as "Switzerland"

and

THE PRINCIPALITY OF LIECHTENSTEIN,
hereinafter referred to as "Liechtenstein",

Hereinafter referred to as the "associated States"

Hereinafter referred to as the "Parties"

HAVING REGARD to the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the latter's association with the implementation, application and development of the Schengen *acquis* (hereinafter referred to as the "Association Agreement with Norway and Iceland"),

HAVING REGARD to the Agreement between the European Union, the European Community and the Swiss Confederation on the Swiss Confederation's association with the implementation, application and development of the Schengen *acquis* (hereinafter referred to as the "Association Agreement with Switzerland"),

HAVING REGARD to the Protocol between the European Union, the European Community, the Swiss Confederation and the Principality of Liechtenstein on the accession of the Principality of Liechtenstein to the Agreement between the European Union, the European Community and the Swiss Confederation on the Swiss Confederation's association with the implementation, application and development of the Schengen *acquis* (hereinafter referred to as the "Association Protocol with Liechtenstein"),

WHEREAS:

- 1) The Community established by Decision No 574/2007/EC of the European Parliament and of the Council the External Borders Fund for the period 2007 to 2013 as part of the General Programme 'Solidarity and Management of Migration Flows' (hereinafter referred to as the "Fund").

- 2) That Decision constitutes a development of the Schengen acquis within the meaning of the Association Agreement with Norway and Iceland, the Association Agreement with Switzerland and the Association Protocol with Liechtenstein.
- 3) Article 11 of that Decision provides that the third states associated with the implementation, application and development of the Schengen acquis participate in the Fund in accordance with its provisions and that arrangements are to be concluded to specify supplementary rules necessary for such participation, including provisions ensuring the protection of the Community's financial interests and the power of audit of the Court of Auditors.
- 4) The Fund constitutes a specific instrument in the context of the Schengen acquis designed to provide for burden sharing and support financially the implementation of the Schengen acquis in the field of external borders and visa policy in Member States.
- 5) To facilitate the calculation of the annual allocations to the States participating in the Fund and the multiannual programming exercise for the associated States, this Agreement defines the annual financial contributions from the associated States in fixed amounts which are subject to a correction mechanism to be applied in the last year of the multiannual programme,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

ARTICLE 1

Scope

This Agreement sets out the supplementary rules necessary for the participation in the Fund of the associated States in accordance with Decision No 574/2007/EC of the European Parliament and of the Council establishing the External Borders Fund for the period 2007 to 2013 as part of the General Programme 'Solidarity and Management of Migration Flows' (hereinafter referred to as the "Decision").

ARTICLE 2

Financial management and control

1. The associated States shall take the necessary measures to ensure the compliance with the provisions relevant for the financial management and control which are laid down in the Treaty establishing the European Community (hereinafter referred to as "the EC Treaty") and in secondary Community law.
2. The provisions referred to in paragraph 1 are the following ones:
 - Articles 248, paragraphs 1 to 3, 256, 274 and 280, paragraphs 1 to 3 of the EC Treaty,
 - Articles 27, 28a, 52, 53, point b, 72(2) and 95(2) of Council Regulation (EC, Euratom) No 1605/2002 of 25 June 2002 on the Financial Regulation applicable to the general budget of the European Communities¹ (hereinafter referred to as the "Financial Regulation"),
 - The corresponding provisions of Commission Regulation (EC, Euratom) No 2342/2002 of 23 December 2002 laying down detailed rules for the implementation of Council Regulation (EC, Euratom) No 1605/2002 on the Financial Regulation applicable to the general budget of the European Communities²,
 - Council Regulation (Euratom, EC) No 2185/96 of 11 November 1996 concerning on-the-spot checks and inspections carried out by the Commission in order to protect the European Communities' financial interests against fraud and other irregularities³ and
 - Regulation (EC) No 1073/1999 of the European Parliament and of the Council of 25 May 1999 concerning investigations conducted by the European Anti-Fraud Office (OLAF)⁴.

The Parties may decide to amend this list by mutual agreement.

1 OJ L 248, 16.9.2002, p. 1. Regulation as last amended by Council Regulation (EC) No 1525/2007 (OJ L 343, 27.12.2007, p. 9).

2 OJ L 357, 31.12.2002, p.1. Regulation as last amended by Regulation (EC, Euratom) No 478/2007 (OJ L 111, 28.4.2007, p. 13).

3 OJ L 292, 15.11.1996, p. 2.

4 OJ L 136, 31.5.1999, p. 1.

3. The associated States shall apply the provisions referred to in paragraph 2 in their territory in accordance with this Agreement.

ARTICLE 3

Respect for the principle of sound financial management

The appropriations under the Fund spent in the territory of the associated States shall be used in accordance with the principle of sound financial management.

ARTICLE 4

Respect for the principle on conflict of interest

All financial actors and any other person involved in budget implementation, management, audit or control acting in the territory of the associated States shall be prohibited from taking any action which may bring their own interests into conflict with those of the Communities.

ARTICLE 5

Obligations resulting from the delegation of the implementation

The associated States shall take all the legislative, regulatory and administrative or other measures necessary for protecting the Communities' interests in accordance with the obligations laid down in Article 53, point b, and 95(2) of the Financial Regulation.

ARTICLE 6

Enforcement

Decisions taken by the Commission which impose a pecuniary obligation on persons other than States shall be enforceable in the territory of the associated States.

Enforcement shall be governed by the rules of civil procedure in force in the State in the territory of which it is carried out. The order for its enforcement shall be appended to the decision, without other formality than verification of the authenticity of the decision, by the national authority which the governments of the associated States shall respectively designate for this purpose and shall make known to the Commission.

When these formalities have been completed on application by the Commission, the latter may proceed to enforcement in accordance with the national law, by bringing the matter directly before the competent authority.

Enforcement may be suspended only by a decision of the Court of Justice of the European Communities. However, the courts of the State concerned shall have jurisdiction over complaints that enforcement is being carried out in an irregular manner.

ARTICLE 7

Protection of the financial interests of the Communities against fraud

1. As set out in Article 280 of the EC Treaty, the associated States shall
 - a) counter fraud and any other illegal activities affecting the financial interests of the Community through measures which shall act as a deterrent and be such as to afford effective protection;
 - b) take the same measures to counter fraud affecting the financial interests of the Community as they take to counter fraud affecting their own financial interests; and
 - c) coordinate their action aimed at protecting the financial interests of the Community with the Member States and the Commission.
2. To that end, the associated States shall adopt equivalent measures to those adopted by the Community in accordance with Article 280(4) of the EC Treaty which are in force at the time of signing this Agreement.

The Parties may decide by mutual agreement to adopt equivalent measures to any subsequent measures adopted by the Community in accordance with this Article.

ARTICLE 8

On-the spot checks and inspections by the Commission

Without prejudice to its rights under Articles 35 and 47 of the Decision, the Commission (OLAF) shall be authorised to carry out on-the spot checks and inspections in the territory of the associated States in accordance with the terms and conditions laid down in Council Regulation (Euratom, EC) No 2185/96 of 11 November 1996 concerning on-the-spot checks and inspections carried out by the Commission in order to protect the European Communities' financial interests against fraud and other irregularities as regards the Fund.

The authorities of the associated States shall facilitate the on-the-spot checks and inspections which may, if the authorities so wish, be carried out jointly with them.

ARTICLE 9

Court of Auditors

As set out in Article 248(3) of the EC Treaty and Part One, Title VIII, chapter 1 of the Financial Regulation, the Court of Auditors as established by the EC Treaty shall notably have the possibility to perform audits on the spot on the premises of any body which manages revenue or expenditure on behalf of the Community in the territory of the associated States as regards the Fund including on the premises of any natural or legal person in receipt of payments from the budget.

Audits by the Court of Auditors in the associated States shall be carried out in liaison with national audit bodies or, if these do not have the necessary powers, with the competent national departments. The Court of Auditors and the national audit bodies of the associated States shall cooperate in a spirit of trust while maintaining their independence. These bodies or departments shall inform the Court of Auditors whether they intend to take part in the audit.

The Court of Auditors shall have at least the same rights as the Commission as laid down in Articles 35 and 47 of the Decision and Article 8 of this Agreement.

ARTICLE 10

Public procurement

1. Iceland, Norway and Liechtenstein shall apply the provisions of their law on public procurement in accordance with Annex XVI to the EEA Agreement.
2. Switzerland shall apply its national law on public procurement in accordance with the provisions of the WTO Agreement on Government Procurement (GPA). Switzerland shall provide the Commission with a description of its public procurement procedures together with the description of the management and control system. Moreover, it shall provide information on the public procurement procedures applied in each final report on the implementation of the annual programme.

ARTICLE 11

Financial contributions and allocations

1. The associated States shall make annual payments to the budget of the Fund in accordance with the following tables:

In '000 EUR	2009
Annual appropriations (EC budget)	185 500
Iceland	260
Norway	5 100
Switzerland	5 565

For 2009 payments shall be made on the basis of non-revisable fixed amounts¹.

⁽¹⁾ Based on GDP of the year 2007.

In '000 EUR	Index ¹	2010	2011	2012	2013
Foreseen annual appropriations (EC budget)	%	207 500	253 500	349 100	481 200
Iceland	0,04	79	96	132	183
Norway	2,61	5 408	6 607	9 099	12 542
Switzerland	3,35	6 943	8 483	11 682	16 102
Liechtenstein	0,03	62	76	105	144

For 2010-2013 the payments shall be made on the basis of the index indicated in this table, subject to paragraph 4.

2. For 2011-2013, the payments shall be made by 15 February of the budget year concerned, following recovery orders issued by the Commission by 15 December of the preceding year.
3. The contributions foreseen for 2009 shall be due as exceptional contributions in 2010. They shall be paid along with the contributions due for 2010 by 15 February 2010. For Switzerland they shall be paid at the latest one month after the date of the signature of this Agreement.

⁽¹⁾ Index figures are rounded up.

The allocations foreseen for 2009 to the associated States concerned, established by the Commission in accordance with Articles 14 and 15 of the Decision, shall be due by the Community as exceptional allocations for 2010 as follows:

Iceland: EUR 62 148
 Norway: EUR 1 611 049
 Switzerland: EUR 2 282 112

A single annual programme (2010) will cover both the 2010 allocations and these exceptional allocations.

As from 2010 the allocations foreseen for the associated States shall be calculated annually in accordance with Articles 14 and 15 of the Decision.

4. The Parties shall correct the contributions from each associated State for the budget years 2010, 2011, 2012 and 2013 on the basis of the latest available annual GDP figures on 1 May 2012. The correction(s) shall be made to the contribution for 2013.

For the purpose of the corrections, the GDP percentage of the associated State concerned shall be calculated as follows:

- As regards Iceland and Norway, for each its GDP percentage shall be calculated in relation with the GDP of all participating countries, as laid down in Article 12(1) of the Association Agreement with Norway and Iceland;
 - As regards Switzerland, its GDP percentage shall be calculated in relation with the GDP of all participating countries, as laid down in Article 11 of the Association Agreement with Switzerland;
 - As regards Liechtenstein, its GDP percentage shall be calculated in relation with the GDP of all participating countries, as laid down in Article 3 of the Association Protocol with Liechtenstein.
5. The figures in the table in paragraph 1 shall be adjusted by the Parties in case of a change in the total reference amount in Article 13(1) of the Decision or changes in the actual annual appropriations to those foreseen in the table of paragraph 1 as decided by the budgetary authority of the EC in accordance with Point 37 of the Interinstitutional Agreement between the European Parliament, the Council and the Commission on budgetary discipline and sound financial management⁵ in the context of the Multiannual Financial Framework of the European Union for the period 2007 -2013.

⁵ OJ C139, 14.6.2006, p. 1.

Any adjustment shall be proportional to the change in the total reference amount or annual appropriation(s) concerned and shall be applied to the budgetary year(s) affected by the change. To that end, the Commission shall communicate by letter to the associated States the adjustments in the size of their financial contributions and the arrangements to be followed for the relevant payments or reimbursements.

6. The contribution of Liechtenstein shall only cover the years as from the day referred to in Article 13(6).
7. The Commission may use up to EUR 300 000 of the payments made by the associated States each year to finance the administrative expenditure related to staff or external staff necessary for supporting the implementation by the associated States of the Decision and this Agreement.
8. For 2009 and 2010 the Commission shall make the Community budgetary commitments for the budget year concerned on the basis of the amounts allocated to the associated States by the Commission in accordance with Articles 14 and 15 of the Decision.

ARTICLE 12

Confidentiality

Information communicated or acquired in any form whatsoever pursuant to this Agreement shall be covered by professional secrecy and protected in the same way as similar information is protected by the provisions applicable to the Community institutions and by the laws of the associated States. Such information shall not be communicated to persons other than those within the Community institutions, in the Member States or in the associated States whose functions require them to know it, nor may it be used for purposes other than to ensure effective protection of the financial interests of the Parties.

ARTICLE 13

Entry into force

1. The Secretary General of the Council of the European Union shall act as depositary of this Agreement.
2. The Community, Iceland, Norway, Switzerland and Liechtenstein shall approve this Agreement in accordance with their own procedures.
3. The entry into force of this Agreement shall require approval by the Community and by at least one other signatory.
4. This Agreement shall enter into force in relation to any party on the first day of the first month following the deposit of its instrument of approval with the depositary.
5. Except for Article 6, the Community, Iceland, Norway and Switzerland shall apply this Agreement provisionally as from the day following that of its signature, without prejudice to constitutional requirements.
6. The Community and Liechtenstein shall apply this Agreement provisionally as from the day when the provisions referred to in Article 2 of the Association Protocol with Liechtenstein are put into effect in accordance with Article 10 of that Protocol.

ARTICLE 14

Programming and reporting

1. The associated States shall inform the Commission of the authorities designated for the implementation of their multiannual programme and the annual programmes no later than one month after the signature of this Agreement.
2. The associated States shall submit their draft multiannual programme 2010-2013 to the Commission no later than three months after the signature of this Agreement.
3. The associated States shall submit their draft annual programme for 2010 to the Commission no later than five months after the signature of this Agreement.
4. The associated States shall submit a description of the management and control systems referred to in Article 34(2) of the Decision no later than three months after the signature of this Agreement.

5. The Commission shall approve the multiannual programme within three months of its formal submission and the annual programme 2010 within one month of its formal submission in accordance with the procedures set up in the Decision and provided that the Commission has satisfied itself in accordance with the procedure laid down in Article 34 of the Decision that the associated States have set up management and control systems that comply with Articles 26 to 32 of the Decision.
6. It is not necessary for the associated States to submit the evaluation report foreseen in Article 52(2)(a) of the Decision.

ARTICLE 15

Validity and termination

1. Either the Community or an associated State may terminate this Agreement by notifying the other Parties of its decision. The Agreement shall cease to apply three months after the date of such notification. Projects and activities in progress at the time of termination shall continue according to the conditions laid down in this Agreement. The Parties shall settle by mutual agreement any other consequences of termination.
2. As regards Iceland and Norway, this Agreement shall be terminated when the respective Association Agreement with Norway and Iceland is terminated in accordance with Articles 8, paragraph 4, 11, paragraph 3 or 16 of that Agreement.
As regards Switzerland, this Agreement shall be terminated when the Association Agreement with Switzerland is terminated in accordance with Articles 7, paragraph 4, 10, paragraph 3 or 17 of that Agreement.
As regards Liechtenstein, this Agreement shall be terminated when the Association Protocol with Liechtenstein is terminated in accordance with Articles 5, paragraph 4, 11, paragraph 1 or 11, paragraph 3 of that Protocol.

ARTICLE 16

Languages

This Agreement as well as the Declarations annexed thereto shall be drawn up in a single original in the Bulgarian, Czech, Danish, Dutch, English, Estonian, Finnish, French, German, Greek, Hungarian, Italian, Latvian, Lithuanian, Maltese, Polish, Portuguese, Romanian, Slovak, Slovenian, Spanish, Swedish, Icelandic and Norwegian languages, each of those texts being equally authentic.

Done at Brussels on the nineteenth day of March in the year two thousand and ten.

**JOINT DECLARATION BY THE EUROPEAN COMMUNITY
AND LIECHTENSTEIN ON THE LATTER'S PARTICIPATION
IN THE EXTERNAL BORDERS FUND**

**IN APPLICATION OF DECISION NO 574/2007/EC
OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL**

The European Community and Liechtenstein

- Having regard to the geographic situation of Liechtenstein in that it lacks external borders and a consular network which would be at the basis for developing a programme to implement the Fund and
- Recognising Liechtenstein's commitment to pursue the objectives of the Schengen Acquis as well as its solidarity with the States that apply the Schengen provisions on external borders agree that Liechtenstein can choose not to participate in the implementation of the Fund, provided that it contributes financially to the Fund in accordance with Article 11 of the Agreement between the European Community and the Republic of Iceland, the Kingdom of Norway, the Swiss Confederation and the Principality of Liechtenstein on supplementary rules in relation to the External Borders Fund for the period 2007 to 2013. Accordingly, Liechtenstein will contribute to the Fund but waive the right to receive allocations under the Fund in accordance with Articles 14 and 15 of Decision No 574/2007/EC of the European Parliament and of the Council. Should Liechtenstein at a later stage wish to participate, it shall inform the Commission well in advance and the necessary practical arrangements to ensure the application of Decision No 574/2007/EC of the European Parliament and of the Council, the implementing rules and this Agreement shall be laid down in an exchange of letters.

**DECLARATION BY THE GOVERNMENT OF NORWAY
ON THE DIRECT ENFORCEABILITY OF DECISIONS
BY THE EUROPEAN COMMUNITY INSTITUTIONS
REGARDING PECUNIARY OBLIGATIONS ADDRESSED
TO ENTERPRISES LOCATED IN NORWAY**

The attention of the Contracting Parties is drawn to the fact that the present constitution of Norway does not provide for direct enforceability of decisions by the European Community institutions regarding pecuniary obligations addressed to enterprises located in Norway. Norway acknowledges that such decisions should continue to be addressed directly to these enterprises and that they should fulfil their obligations in accordance with the present practice. The said constitutional limitations to direct enforceability of decisions by European Community institutions regarding pecuniary obligations do not apply to subsidiaries and assets in the territory of the Community belonging to enterprises located in Norway. If difficulties should arise, Norway is prepared to enter into consultations and work towards a mutually satisfactory solution.

DECLARATION BY THE EUROPEAN COMMUNITY

The Commission will keep the situation referred to in Norway's unilateral declaration under constant review. It may at any time initiate consultations with Norway with a view to finding satisfactory solutions to such problems as may arise.